



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Skólanefnd.

8. fundur.

Fundur í skólanefnd 8. október 2007 kl. 17:30 í Reykjahlíðarskóla. Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Unnur Sigurðardóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Skólastarf vetrarins.

Sólveig sagði frá skólastarfinu, vinnu við skólanámskrá og sjálfsmatsaðferðir skólans sem verða tekna út af Menntamálaráðuneytinu árið 2008.

Heimasíða skólans www.myv.is/reykjahlidarskoli er í vinnslu og verður opnuð á næstunni. Fram kom að Kvenfélag Mývatnssveitar ætlar að gefa skólanum stafræna myndavél.

Áhættumat hefur verið unnið af öryggisvörðum skólans og sent Vinnueftirliti Ríkisins.

Brunavarnir innan skólans eru alltaf í endurskoðun. Slökkviliðsstjórinn Stefán Gunnarsson er væntanlegur næstu daga í skólann til að vera með fræðslu og rýmingaræfingu.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 18:30

Hrafnhildur Geirsdóttir
Eyþór Pétursson
Þórhalla Valgeirsdóttir
Ásdís Jóhannesdóttir
Steinunn Ósk Stefánsdóttir